



Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Sauðárkróki 8. mars 2021

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Fjarskiptastofu. Þingskjal 852, 506. mál.**

Byggðastofnun hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga Fjarskiptastofu. Í greinargerð með frumvarpinu segir réttilega að fjarskipti gegni lykilhlutverki í nútímasamfélagi. Góð fjarskipti eru grundvallaratriði fyrir þjónustu, afþreyingu, atvinnulíf og almannaöryggi.

Á undanförnum árum hafa stjórnvöld ítrekað mikilvægi góðra fjarskipta m.a. með átaksverkefninu Ísland ljóstengt. Þá er áhersla A.a. í gildandi byggðaáætlun „Öll heimili og vinnustaðir eigi kost á tengingu við ljósleiðara eða háhraðanet árið 2020.“ Meðal áhersluatriða í fjarskiptaáætlun er að „ná fram samræmdri forgangsröðun og stefnumótun og skal forgangsröðun byggjast á mati á þörf fyrir úrbætur á landinu í heild og í einstökum byggðum“ og „stuðla að atvinnuuppbyggingu, eflingu lífsgæða og jákvæðri byggðaðróun.“ Það er í takti við byggðaáætlun og þá sýn að byggðamál séu viðhorf sem gangi þvert á alla málaflokka að Fjarskiptastofa skuli eiga gæta byggðasjónarmiða í starfsemi sinni eins og fram kemur í 3. gr.

Útbreiðsla háhraðanets og annarra fjarskiptainnviða um land er allt er mikilvægt byggðamál. Það er því mikilvægt að hverjum tíma liggi fyrir yfirlit nákvæmt yfirlit yfir útbreiðslu og eiginleika fjarskiptainnviða á Íslandi sbr. 2. gr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Fjarskiptastofa vinni heildstætt útbreiðslukort fyrir háhraðanet á a.m.k. þriggja ára fresti og að stofnunin geti unnið svæðisbundna útbreiðsluspá fyrir háhraðanet.

Að mati Byggðastofnunar er æskilegt að útbreiðslukort, skv.11.gr. byggji á því sem næst rauntímaupplýsingum hverju sinni, þannig að hægt sé að greina markaðsbresti sbr. það sem segir í 11.gr. frumvarpsins: „Leiði útbreiðsluspá í ljós að ekkert fjarskipta fyrirtæki eða opinber aðili hyggist leggja slíkt net, eða uppfæra net sín, á tilteknu svæði innan ákveðinna tímamarka skal stofnunin birta þær niðurstöður.“ Stofnunin fagnar því þeim upplýsingum sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu um að unnið sé að því að uppsetningu gagnagrunns sem mun ávallt byggja á nýjustu upplýsingum frá fjarskipta fyrirtækjum. Á grundvelli þeirra upplýsinga geta stjórnvöld tekið ákvarðanir um aðgerðir til að ná því markmiði „að öll heimili og vinnustaðir í landinu eigi kost á tengingu við ljósleiðara eða háhraðanet.“

Virðingarfyllt  
f.h. Byggðastofnunar

Aðalsteinn Þorsteinsson  
forstjóri